

Fundargerð 425. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2020, mánudaginn 24. ágúst kl. 15:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fjarfundar.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Hanna Björg Konráðsdóttir, Pétur Ólafsson, Lúðvík Geirsson, Björn Arnaldsson og Rebekka Hilmarsdóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasambandsþing 2020 - 1910001HA

Lögð fram dagskrá hafnasambandsþings.

Stjórn samþykkir að fresta hafnasambandsþingi 2020 vegna Covid-19. Ákvörðun um nýjan þingdag verður tekin á stjórnafundi í lok september.

2. Áskorun um endurskoðun á hafnalögum vegna fiskeldis - 1911003HA

Rætt um fyrirhuguð áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum.

Formanni falið að senda inn athugasemdir í Samráðsgátt í samræmi við umræður á fundinum.

3. Strandsvæðisskipulag á Austfjörðum og Vestfjörðum - óskað umsagnar - 2005003HA

Rætt um drög að reglugerð um haf- og strandsvæðaskipulag.

Stjórn hafnasambandsins leggur áherslu á að aðildarhafnir, sem þetta á við, kynni sér þetta vel.

Fundi var slitið kl. 15:45

Gísli Gíslason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Hanna Björg Konráðsdóttir

Pétur Ólafsson

Lúðvík Geirsson

Björn Arnaldsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Valur Rafn Halldórsson